

## Fjölmeningarráð

### Fjarfundur, haldinn 6.10.2020 og hófst hann kl. 17:00

Mættir: Anna Karen Svövdóttir, Karólína Helga Símonardóttir, Elena Orlova, Aleksandra Julia Wegrzyniak og Sylwia Baginska. Fundargerð ritaði: Ólafía Björk

#### Dagskrá:

- Fundur með fjölskylduráði, Karólína og Ólafía, fara yfir þann fund.
- Fulltrúar frá mennta- og lýðheilsusviði, Krístrún, verkefnastjóri fjölmenningar / kennsluráðgjafi, fjölmening í leik- og grunnskólum og Stella, fagstjóri frístundastarfs mæta og segja frá sínum störfum og verkefnum.  
Umræður. Fjölmeningarráð þakkar þeim báðum fyrir fróðlegt spjall.
- Stöðuskýrsla frá teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19, lögð fram. Í þessari fimmtu stöðuskýrslu er einkum fjallað um stöðu og þjónustu við innflytjendur.  
Umræður.
- Bókun frá fræðsluráði um álit umboðsmanns Alþingis.

Lagt fram álit umboðsmanns Alþingis í tilefni af frumkvæðisathugun á stöðu einstaklinga sem ekki eru mæltir á íslensku í samskiptum þeirra við stjórnvöld.

Lögð fram eftirfarandi bókun fulltrúa foreldra grunnskólabarna.

"Fulltrúi foreldraráðs fagnar álitu umboðsmanns Alþingis og ítrekar mikilvægi þess að vel sé tekið á móti fólki af erlendum uppruna í skólum og frístundum. Það er nauðsynlegt að upplýsingar séu aðgengilegar á þeirra tungumáli og börn og foreldrar fái stuðning til að aðlagast íslenskum aðstæðum. Mikilvægt er að gera átak í þessum efnum og að Hafnarfjarðarbær verði leiðandi í að taka við fjölskyldum af erlendum uppruna. Kristín Ragnarsdóttir, sign

Fræðsluráð tekur undir bókun foreldraráðs grunnskólabarna og vísar erindinu til umfjöllunar og álits hjá fjölmeningarráði Hafnarfjarðar.

Fjölmeningarráð tekur undir þessa bókun og leggur jafnframt fram til nokkrar tillögur sem bæta stöð barna og foreldra af erlendum uppruna í skólum og frístundum:

Að lögð sé áhersla á fjölmenningu í skólum Hafnarfjarðar. Hugtakalisti, á algengustu tungumálunum, verði aðgengilegur fyrir foreldra barna þegar skólaganga hefst í leik- eða grunnskóla. Íslenskunámskeið fyrir foreldra barna af erlendum uppruna standi til boða og lögð sé áhersla á að ná til þeirra í foreldrarstarfi. Tryggt sé að skólarnir hafi nægjanlegt fjármagn og verkfæri til að mæta þörfum barnanna, t.d. vegna íslenskukennslu og hafi aðgang að sérfræðingum í íslensku sem öðru máli. Að móðurmálskennsla standi börnum af erlendum uppruna í boði, eða sjóður sem foreldrar barnanna geta leitað í og nýtt til þess að greiða niður móðurmálskennslu. Í Hafnarfirði sé virk móttökuáætlun, t.d. samfélagsfræðsla fyrir nýja íbúa og íslenskunámskeið. Boðið verði uppá námskeið í menningarlausni fyrir starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar og fyrst eftir flutning til landsins fái börn frítt í frístundaheimili í sveitarfélaginu.

#### Önnur mál

Fjölmeningarráð ákveður að bjóða fulltrúa frá fjölskyldu- og barnamálasviði á næsta fund.

Næsti fundur ákveðinn 3 nóvember kl: 17:00.

Fundi slitið kl: 18:20